

## SAMÞYKKT

147

23. ágúst

**um fjárskipti á svæðinu milli Berufjarðar—Steingrímsfjarðar  
og Hvammsfjarðar—Hrútafjarðar.**

### 1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er: Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur, Bæjarhreppur og Saurbæjarhreppur (hreppar og hreppshlutar).

### 2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1947, ef unnt er, en annars svo fljótt, sem við verður komið. Fjárfjöldi á svæðinu var um síðastliðin áramót um 18000.

### 3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 38 menn, eða 3 fyrir hvern hrepp og hlutfallslega fyrir hreppshluta samkvæmt 25. gr. laganna, og jafnmargir til vara.

Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

### 4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;  
að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;  
að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og  
að sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

### 5. gr.

Sameiginlegum kostnaði, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á fjáreigendur í hlutfalli við fjártölu þeirra um áramót áður en fjárskipti fara fram.

### 6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptanna á svæðinu í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. ágúst 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

Gunnl. E. Briem.